



Mars 2015

Ingvar Sigurgeirsson

Mat á tillögum um skipan skólamála í Fjarðabyggð

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Inngangur	5
Mikilvæg matsatriði.....	6
Hugmyndir um hagræðingu	7
Sameiningar.....	7
Aðrar hagræðingarhugmyndir.....	8
Sérstök vandkvæði við hugsanlegar úrlausnir.....	9
Umræða um tillögurnar.....	9
Um sameiningarhugmyndir	10
Sameining unglिंगadeilda og samstarf um kennslu valgreina	13
Sóknarfæri tengd auknu samstarfi leik- og grunnskóla.....	14
Úrlausnir sem varða nemendur á Stöðvarfirði.....	15
Hagræðing í tónlistarskólunum	16
Aðrir hagræðingarkostir	17
Lokaorð.....	20

Samantekt

- Eindregið er mælt með því að ekki sé rasað um ráð fram við skólabreytingar. Áriðandi er að undirbúa allar aðgerðir vel, m.a. með samræðum þar sem allir hagsmunaaðilar hafa svigrúm til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Breið samstaða og jákvæð viðhorf ráða úrslitum um hvernig til tekst.
- Þegar hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir sem leiða munu til hagræðingar sem ekki bitnar á gæðum skólastarfs. Hér má nefna að samþykkt reglna um úthlutun kennslumagns sem ætla má að spari sveitarfélaginu 35–40 milljónir á ári (m.a. vegna aukinnar samkenndu aldursþópa). Sú ráðstöfnun að setja leikskóladeildir í húsakynni grunnskólanna á Reyðarfirði og Eskifirði mun spara umtalsverðan kostnað og líklega tryggja þjónustu án viðbygginga við leikskólana. Samnýting á húsnæði leikskóladeilda og frístundastarfs hefur einnig leitt til verulegs sparnaðar.
- Mælt er með því að kanna til þrautar hvort unnt sé að ná samstöðu um sameiningu leik- og grunnskóla á Fáskrúðsfirði. Sameining leik- og grunnskóla á Eskifirði gæti einnig verið faglega góður kostur.
- Mælt er með því að unnið verði að því að skólarnir í byggðinni verði í framtíðinni ein heildstæð rekstrareining (Leik-, grunn- og tónlistarskóli Fjarðarbyggðar), en þó þannig að hver starfseining verði stjórnunarlega sjálfstæð, þ.e. að yfir hverri starfsstöð verði stjórnandi með fulla ábyrgð á daglegum rekstri (skólastjóri). Hugmyndin byggir á því að skólastjórnarnir í sveitarfélaginu myndi stjórnunar- og samstarfsteymi sem ber sameiginlega ábyrgð á heildarrekstri skólans. Starfsmenn verði í framtíðinni ráðnir að skólasamlagi sveitarfélagsins, en ekki að eintökum starfsstöðvum. Sé litið til lengri tíma gæti þessi ráðstöfun hvort tveggja eftir skólastarfið og skilað umtalsverðri hagræðingu.
- Störf aðstoðarskólastjóra verði lögð niður í áföngum og í stað þeirra ráðnir verkefnisstjórar til skamms tíma (t.d. til eins eða tveggja ára í senn) eftir mati á þörfum á hverjum tíma.
- Lagt er til að grunnskólarnir í sveitarfélaginu sameinist um kenndu valgreina og að á grundvelli þeirrar reynslu verði tekin ákvörðun um nánara samstarf.
- Bent er á sóknarfæri sem felast í að starf á mörkum skólastiga verði markvisst samstarfsverkefni. Þessi hugmynd byggist á því að teymi leik- og grunnskólakennara vinni saman með aldursblandaða hópa fimm til sex ára barna, eða jafnvel með breiðari hóp, með sveigjanlegum hætti.
- Mælt er með aukinni teymiskennslu.
- Kannað verði hvort grundvöllur er til samstarfs við Breiðdalsvík um sameiginlegan rekstur skóla sem þjónar grunnskólanemendum á Breiðdalsvík og Stöðvarfirði (skólasamlag).
- Leitað verði samstarfs við tónlistarskólana um að auka samkenndu.
- Kannað verði hvort unnt er að nýta fjarkennslu milli skólanna.
- Komið verði til móts við þá nemendur sem eiga við alvarlegan samskiptavanda að stríða.
- Kannað verði hvort fýsilegt sé að koma á fót skólabúðum á Stöðvarfirði.
- Leikskólaráðgjöf verði eflað.

- Í verkefninu var safnað fjölmörgum öðrum hugmyndum sem vert er að kanna hvort geti skilað hagræðingu, án þess að það bitni á gæðum skólastarfs. Lagt er til að farið verði í saumana á þessum kostum.

Inngangur

Skólastofan slf – rannsóknir og ráðgjöf tók að sér, með samningi sem gerður var 3. janúar 2015, að láta leggja mat á tillögur um skipan skólamála (leik-, grunn- og tónlistarskóla) í Fjarðabyggð. Markmið sveitarfélagsins er að nýta fjármagn til skólamála í Fjarðabyggð sem allra best en gæta um leið að því að tryggja fagleg gæði í skólastarfi. Til undirbúnings var gert ráð fyrir því að ráðgjafi á vegum Skólastofunnar kynnti sér fyrirbyggjandi tillögur og ræddi þær við bæjarstjórn, bæjarstjóra, fræðslustjóra, fræðslunefnd, starfsfólk skólaskrifstofu, skólaráð, stjórnendur, kennara og annað starfsfólk leik-, grunn og tónlistarskólanna, fulltrúa foreldra og nemenda, auk þess að safna fleiri hugmyndum. Þá átti ráðgjafi að kynna sér innra starf skólanna, aðstöðu og búnað. Auk mats á fyrirbyggjandi tillögum var gert ráð fyrir að ráðgjafi geti gert eigin tillögur eða reifaði aðra kosti sem nefndir kynnu að verða í viðræðum.

Gagnaöflun var í meginatriðum háttað svo sem hér greinir:

- Skólaheimsóknir, dagana 20.–23. janúar og 26. febrúar, þar sem aðstaða í skólunum var skoðuð og fundir haldnir með stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki og í nokkrum tilvikum fulltrúum nemenda. Í fyrri ferðinni sat ráðgjafi einnig íbúafundi í öllum bæjunum í Fjarðabyggð, alls fimm fundi og ræddi við fundarmenn um hugmyndir þeirra um þróun skólanna.
- Símafundur voru haldnir með bæjarráði og fræðslunefnd 9. febrúar og með starfsfólki Skólaskrifstofu Austurlands 10. febrúar.¹
- Fundur með skólastjórum tónlistarskólanna 21. janúar.
- Símafundur með formanni Fjarðaforeldra og fræðslustjóra 26. febrúar.
- Fundur með fulltrúum Breiðdalshrepps og fræðslustjóra Fjarðabyggðar 26. febrúar um hugsanlega samstarfsmöguleika sveitarfélaganna.
- Formlegar og óformlegar samræður við þá íbúa og starfsmenn skólanna sem óskuðu eftir samtölum. Einnig hafa verið tölvusamskipti við nokkra aðila.
- Nokkrir fundir; símaviðtöl og tölvusamskipti við bæjarstjóra, fræðslustjóra og fjármálastjóra.
- Ráðgjafi hefur skoðað ýmis gögn sem sveitarfélagið lagði fram um skipan skólamála; minnisblöð, skýrslur og talnagögn, auk gagna sem aflað hefur verið upp á eigin spýtur. Þá var aflað gagna frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem og öðrum sveitarfélögum sem staðið hafa frammi fyrir svipuðum úrlausnarefnum og Fjarðabyggð.
- Gert var ráð fyrir því að ráðgjafi hefði samráð við fulltrúa KPMG sem unnu að sviðsmyndagerð og tillögum að hagræðingu fyrir sveitarfélagið á sama tíma og þetta verkefni var unnið og hafa þrír samráðsfundir verið haldnir.

Drög að greinargerð voru send bæjarstjóra og fræðslustjóra til umsagnar í lok febrúar og athugasemdir þeirra hafðar til hliðsjónar við lokagerð. Þá fengu bæjarráðsmenn drög að skýrslunni til skoðunar um miðjan mars.

Margar hugmyndir hafa komið fram um þróun skólalahalds í Fjarðabyggð. Nokkrar hafa verið skoðaðar formlega og ræddar ítarlega – aðrar minna. Eindregið er mælt með því að ekki sé rasað um ráð fram,

¹ Símafundirnir voru haldnir vegna ófærðar.

heldur sé umræðunni gefinn góður tími. **Skólastarf er oft bundið sterkum hefðum og tregða til breytinga, en jákvæð viðhorf skipta oft sköpum um hvernig til tekst þegar ráðist er í breytingar.**

Mikilvæg matsatriði

Ráðgjafi telur rétt að halda til haga nokkrum mikilvægum matsatriðum, enda skapa sum þeirra forsendur greiningar og tillögugerðar.

- Grunnskólarnir standa um margt vel miðað við allar aðstæður og mörg dæmi um góða kennslu. Vel virðist staðið að kennslu í valgreinum, og gildir það einnig um fámennu skólana. Góður árangur Nesskóla á samræmdum prófum er athyglisverður.
- Kennslu í nokkrum greinum er ábótavant.
 - Engin tónmennt er kennd á Stöðvarfirði þar sem tónmenntakennarar hafa ekki fengist.
 - Eingöngu elstu nemendur hafa fengið smíðakennsla á Reyðarfirði þetta skólaárið, þar sem ekki hefur tekist að ráða smíðakennara. Þess í stað var í vetur tekin upp legósmíðja og samið við trésmíðameistara um kennslu elstu nemenda.
- Starf margra leikskólanna einkennist af faglegum metnaði, en aðstaða í nokkrum þeirra ófullnægjandi (starfs- og kennsluaðstaða). Brýnasta viðfangsefni sveitarfélagsins í skólamálu er að bæta aðstöðu í leikskólunum. Miklar úrbætur eru framundan á Norðfirði hvað aðstöðu varðar en leita þarf allra leiða til að bæta aðstæður á Reyðarfirði og Eskifirði.
- Forgangsverkefni er að fjölga fagmenntuðum leikskólakennurum.
- Leikskólaráðgjöf þarf að efla. Í 23. grein Laga um leikskóla nr. 90/2008 segir: „Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálu er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Þeir sinna einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga“. Ekki verður séð að sveitarfélagið uppfylli þessi ákvæði með fullnægjandi hætti.²
- Starfsþróun/ símenntun í leikskólunum er ófullnægjandi og þarf að efla.³
- Æskilegt er að auka faglegt samstarf leikskólanna.
- Hugmyndir hafa verið uppi um sameiningu skóla, en mikil andstaða verið við þær. Áform um að sameina grunnskólana á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði hafa skapað mikla reiði, einkum meðal íbúanna á síðarnefnda staðnum. Sameining grunnskóla og leikskóla á Stöðvarfirði hefur á hinn bóginn tekist vel. Andstaða við sameiningu byggist líklega einkum á tvennu: Annars vegar ótta við að missa skólann og hins vegar á óánægju með skólaakstur. Þá bera bæði foreldrar og starfsmenn skólanna því við að sameining geti skert þjónustu (t.d. vegna minni stjórnunar).
- Fækkun nemenda á Stöðvarfirði hefur valdið áhyggjum, einnig í ljósi hve dýr skólinn er.

² Fræðslustjóri og kennsluráðgjafi Skólaskrifstofu Austurlands hafa veitt leikskólunum þessa ráðgjöf. Síðasta haust var ráðið í viðbótarstöðugildi kennsluráðgjafa við Skólaskrifstofu Austurlands, m.a. til að styrkja ráðgjöf við leikskólana. Sú ráðgjöf sem hér er haldið fram að þurfi að efla snertir innra starf leikskólanna, einkum í ljósi þess hversu fáir fagmenntaðir starfsmenn eru í sumum skólana. Mikill fjöldi ófaglærðra starfsmanna, forföll og starfsmannavelta veldur því að stjórnendur og starfsfólk þarf öflugan faglegan stuðning.

³ Fræðslustjóri bendir á að frá 2009 hafi starfsdögum verið fjölgað úr þremur í fjóra (innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar og ART) og 2012 úr fjórum í fimm (vegna skólanámskrágerðar). Hins vegar var starfsmannafundum fækkað í leikskólunum úr fjórum tímum á mánuði í tvo tíma frá og með 2009 (aðhaldsaðgerð).

- Í samanburði við mörg önnur sveitarfélög þar sem höfundur þekkir til eru tónlistarskólarnir sterkir, ánægja er með kennsluna, þátttaka í starfi þeirra mikil og aðstaða til kennslu um margt góð, nema á Stöðvarfirði, þar sem hún er ófullnægjandi.⁴
- Tónlistarskólarnir hafa, eins og margir tónlistarskólar hér á landi, lagt einkakennslu til grundvallar í hljóðfæranámi – en mjög lítið byggt á samkennslu.
- Sterk fræðslustjórnun (mikil ánægja með hana), sem einkennist af góðu eftirliti með skólustarfinu, stuðningi og lausnamiðaðri nálgun.
- Nýlega hefur úthlutun kennslumagns til skólanna verið breytt í því skyni að ná fram meiri hagræðingu, og er þar meðal annars byggt á því að auka samkennslu fámennra aldurshópa (sjá nánar síðar í þessari greinargerð).

Hugmyndir um hagræðingu

Hér verður leitast við að halda til haga öllum þeim hugmyndum sem fram komu um umbætur í skólamállum – með hagræðingu að markmiði:

Sameiningar

- Í Fjarðarbyggð verði einn skóli; Leik-, grunn- og tónlistarskóli Fjarðabyggðar (hér eftir LGTF).
- Í Fjarðarbyggð verði tveir skólar, leik- og grunnskóli Fjarðabyggðar og Tónlistarskóli Fjarðarbyggðar.
- Í Fjarðarbyggð verði þrjú skólar, einn leikskóli, einn grunnskóli og einn tónlistarskóli.
- Í Fjarðarbyggð verði fimm leik-, grunn- og tónlistarskólar; Stöðvarfjarðarskóli, Fáskrúðsfjarðarskóli, Reyðarfjarðarskóli, Eskifjarðarskóli og Norð- og Mjóafjarðarskóli.
 - Ein hugmynd gerði ráð fyrir að sameining af þessu tagi yrði gerð á Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði.⁵
- Grunnskólar (eða samreknir skólar) í aðliggjandi bæjum verði sameinaðir, t.d. Stöðvarfjörður og Fáskrúðsfjörður, Reyðarfjörður og Eskifjörður, eða síðar Norðfjörður og Eskifjörður og Reyðarfjörður og Fáskrúðsfjörður.
 - Sameining nái fyrsti og fremst til stjórnunar. Þessi kostur hefur sérstaklega verið ræddur varðandi Stöðvarfjörð og Fáskrúðsfjörð.
 - Sameining nái einnig til kennslu og faglegs samstarfs.
- Sameining skóla á norður- og suðursvæði, Eskifjörð og Norðfjörð annars vegar og Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð hins vegar.⁶
- Leik- og grunnskólar sameinist um kennslu á skilum skólastiganna (kennslu fimm og sex ára barna).

⁴ Skólastjóri lýsir aðstöðunni svo: *Við erum með tvær hljóðfærakennslustofur. Önnur er mjög illa hljóðeinangruð og heyrir inn í hana allt sem fer fram á ganginum fyrir framan og öfugt. Hin er ekki vel hljóðeinangruð, þar er fúkkalykt og rakaskemmdir vegna leka með glugga. Við höfum síðan aðgang að einni kennslustofu í grunnskólanum til að kenna hóptíma s.s. tónfræði og tónheyrn.*

⁵ Hugmynd E í Lokaskýrslu vinnuhóps um skipan fræðslumála í Fjarðabyggð.

⁶ Sjá hugmynd C í Lokaskýrslu vinnuhóps um skipan fræðslumála í Fjarðabyggð. Gert var ráð fyrir einum grunnskóla, einum leikskóla á hvoru svæði og einum tónlistarskóla í Fjarðabyggð.

- Sameinast verði um unglíngastígskenndu; nemendum í 8.–10. bekk eða 9.–10. bekk verði kennt á færri stöðum.
- Grunnskólar, tveir eða fleiri, sameinist um kenndu valgreina.
- Rekstri skólanna verði breytt með þeim hætti að þeir verði smám saman ein rekstrareining í formi skólasamlags.
- Leitað verði eftir samstarfi milli Stöðvarfjarðarskóla og Breiðdalsvíkur um sameiginlegt skólahald.
- Stöðvarfjarðarskóli verði útíbú frá Fáskrúðsfirði (staða hans yrði þá með líkum hætti og skólinn í Mjóafirði er gagnvart Nesskóla).

Aðrar hagræðingarhugmyndir

- Stöðvarfjarðarskóli verður lagður niður.
- Hagrætt verði í stjórnun, t.d. með því að fækka í yfirstjórn skólanna – helst beindist athyglín að fækkun aðstoðarskólastjóra.
- Aukín þátttaka nemenda í greiðslu kostnaðar við tónlistarskólanám.
- Aukín samkenndu nemenda í tónlistarskólunum.
- Skólabúðir verði settar upp á Stöðvarfirði.
- Leitað verði til Hjallastefnunnar um að yfirtaka rekstur skólanna.
- Samkenndu aldurshópa í grunnskólunum verði aukín.
- Komið verði á fót úrræði fyrir nemendur með mikinn samskiptavanda (sem gæti leitt til hagræðingar, m.a. vegna þess að þá væri hægt að hafa aðra námshópa stærri). Hvort tveggja komu fram hugmyndir um að slíkt úrræði yrði á Norðfirði og eins á Stöðvarfirði.
- Samstarfi við Skólaskrifstofu Austurlands verði hætt og ráðgjafarþjónusta þess í stað veitt beint á vegum sveitarfélagsins.
- Fjarkenndu verði nýtt með markvissum hætti milli skóla. Þær hugmyndir um fjarkenndu sem nefndar voru spanna allt lítróf hugsanlegra möguleika, eða frá hugmyndum um að nota hana til að styðja við kenndu þar sem nemendur og kennarar eru fáir (t.d. í Mjóafirði) til þess að leggja hana til grundvallar nánast allri kenndu (vendikenndu, flipped teaching).⁷
- Meira verði gert af því að samnýta kennara milli staða.
- Fyrirkomulagi í mötuneytum verði breytt með þeim hætti að börnin skammti sér sjálf. Nefnd voru dæmi um að slíkar ráðstafanir hefðu skilað hagræðingu.
- Samlegð í rekstri skóla- og íþróttamannvirkja, t.d. með samnýtingu starfsfólks.
- Lengd viðvera grunnskólabarna verði skert eða aflögð.
- Þjónusta leikskólanna verði skert með því að hætta að bjóða leikskóla fyrir yngstu börnin.
- Skólahúsnæði verði leigt úr.
- Farið verði í saumana á tölvu- og netþjónustumálum skólanna.
- Gögn verði nýtt betur á milli skóla, meðal annars með því að útbúa námskistur sem lánaðar verði á milli skóla.
- Þrautkannað verði hvort unnt sé að spara ljósritunarkostnað.
- Spjaldtölvuvæða skólana.

⁷ Um vendikenndu, sjá <http://vendikenndu.is/>

- Hætt verði að kaupa Mentor, en taka í stað þess upp kerfið Námfús.
- Formlegri þátttöku í Olweusarverkefninu verði hætt.
- Bakvarðarkerfið verði lagt af.
- Athugað verði hvort unnt er að ná hagræðingu með auknum sameiginlegum innkaupum skólanna.
- Reynt verði að fá fyrirtæki til að leggja meira af mörkum til skólanna.
- Framhaldsdeild verði komið á fót í Skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði.
- Húsvarsla verði rekin miðlægt. Skólaliðar sinni sinni vinnu undir stjórn skólastjóra og eða aðstoðarskólastjóra.

Sérstök vandkvæði við hugsanlegar úrlausnir

Hér er fyrst leitast við að halda til haga nokkrum hugsanlegum vandkvæðum við framkvæmd hugmynda um hagræðingu.

- Hugmyndir og áform um sameiningar skólanna í sveitarfélaginu hafa flestar mælst illa fyrir og jafnvel valdið reiði og tortryggni. Þessi óánægja kom skýrt fram á þeim fundum sem höfundur þessarar greinargerðar hélt með foreldrum, starfsfólki skólanna og íbúum. Þung orð voru látin falla. Jarðvegur fyrir breytingar er því ekki góður.
- Innbyrðis tortryggni gætir mjög í sveitarfélaginu (t.d. milli bæjanna og milli norður og suðurhluta).
- Mjög neikvæð viðhorf til skólaaksturs komu fram, bæði meðal starfsmanna skólanna – og þó sérstaklega foreldra.
 - Margir viðmælendur bentu á að vegurinn milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar, Suðurfjarðavegur, væri einn af hættulegustu vegum á landinu. Allar hugmyndir um lausnir sem byggjast á akstri um hann munu því eiga erfitt uppdráttar.
- Margir viðmælendur ræddu að tortryggni milli leik- og grunnskóla væri vandamál í sveitarfélaginu. Einkum komu áhyggjur af þessu fram hjá leikskólafólkinu.
- Aðstæður í Fjarðabyggð eru um margt sérstakar, eins og vel kemur fram í *Lokaskýrslu vinnuhóps um skipan fræðslumála í Fjarðabyggð* en þar segir m.a.:
Við skoðun á stærð grunnskóla í samanburðarsveitarfélögum kom berlega í ljós sérstaða Fjarðabyggðar í samanburði við önnur fjölkjarna sveitarfélög á Íslandi. Fjarðabyggð hefur fjóra byggðarkjarna, þar sem hver kjarni er með grunnskóla af stærðinni 100 – 210 nemendur og tvo litla byggðarkjarna með 8 og 28 nemendum. Sambærileg fjölkjarna sveitarfélög eru öll með einn stóran byggðarkjarna með skóla af stærðinni 350 – 450 nemendur, sum hver með einn skóla í kringum 100 nemendur og síðan með 2 - 4 litla byggðarkjarna með 20–40 nemenda skóla. Þessi stærð af byggðarkjörnum gerir sveitarfélaginu erfiðara fyrir að ná rekstrarlegu hagræði, bæði hvað varðar leik- og grunnskóla, þar sem stórir skólar eru mun hagstæðari rekstareiningar.

Umræða um tillögurnar

Eins og sjá má af yfirlitinu hér að framan skipa framkomnar hugmyndir tugum. Þær ganga mislangt og eru vitaskuld misraunhæfar, en engu að síður mikilvægt að þær séu allar skoðaðar og ræddar og **að umræðunni sé gefinn góður tími**. Sá sem þetta ritar hefur komið að umræðu um breytingar á skólastarfi

Í mörgum sveitarfélögum og oft undrast hve viðkvæm þessi mál eru, jafnvel svo að hugdettur á hugarflugsfundum valda uppnámi. Þá veldur það sérstökum vandkvæðum varðandi hugmyndir um hagræðingu í skólum, að frá efnahagshruni, hefur mjög verið að þeim þrengt, og því algengt viðhorf að þangað sé enga frekari hagræðingu að sækja. Enda þótt viðhorf bæjarstjórnar sé að staða skólanna hafi verið varin er það útbreitt viðhorf starfsfólks skólanna að þar verði ekki meira sparað.

Þá verður að halda til haga að hugmyndir um hagræðingu í skólunum í sveitarfélaginu eru ekki allar nýjar af nálinni. Segja má að undanfarin ár hafi stöðugt verið leitað leiða til að hagræða, án þess að það komi niður á faglegu starfi og hefur þar náðst umtalsverður árangur. **Hér má nefna að verulegur áfangi í átt að hagræðingu í grunnskólunum hefur líklega þegar náðst með samþykkt reglna um úthlutun kennslumagns.** Fræðslustjóri telur að sú hagræðing sem hlýst af breyttum úthlutunarreglum gæti numið 35–40 milljónum á ári. Við samningu þessara reglna var meðal annars leitað umsagnar Hafsteins Karlssonar, skólastjóra Salaskóla í Kópavogi, sem einnig hefur verið ráðgefandi við sveitarfélög um rekstur skóla. Mat hans var að um sanngjarna úthlutun væri að ræða sem stæðist faglega skoðun. Reynslan verður svo að skera úr um hvernig til tekst um þetta í einstökum atriðum og reglurnar væntanlega til endurskoðunar.

Þá hefur **sú ráðstöfnun að setja leikskóladeildir í húsakynni grunnskólanna á Reyðarfirði og Eskifirði í raun sparað umtalsverðan kostnað og tryggt þjónustu án viðbygginga við leikskólana.** Með þessum ráðstöfunum má ætla að sveitarfélagið geti sparað sér fjárfestingar fyrir einhverja hundruði milljóna, a.m.k. slegið þeim á frest.

Nefna mætti fjölda dæma til viðbótar um þetta. **Skólaselið (frístundaheimilið) á Fáskrúðsfirði var fyrir rúmu ári fært á elstu deild leikskólans á Fáskrúðsfirði og hefur gefist vel og leitt til hagræðingar sem áætla má að spari tvær milljónir á ári. Leikskóli og grunnskóli á Stöðvarfirði voru sameinaðir í Stöðvarfjarðarskóla 2012 og leiddi það strax til sparnaðar sem nam um þremur og hálfri milljón króna, og síðar átta til tíu milljónum á ári.** Þá má nefna sameiningu almenningsbókasafna og skólabókasafna undir stjórn forstöðumanns safnastofnunar. Þessu fylgdi betri nýting á starfsfólki og lengri opnunartími safnanna.

Um sameiningarhugmyndir

Eins og sjá má af yfirlitinu hér að framan um þær hugmyndir sem fram komu um breytingar á skólastarfi í átt til aukinnar hagræðingar beindust þær flestar að sameiningu skóla.

Nokkur reynsla er fengin af sameiningu skóla hér á landi og má nefna dæmi um sameiningar sem tekst hafa vel – og aðrar sem farið hafa miður og hvorki skilað faglegum né fjárhagslegum ávinningi. Margar sameiningar, þar sem langt er á milli starfsstöðva, hafa ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt. Eins virðast margar sameiningar, þar sem mjög ólíkir skólar hafa verið sameinaðir, gengið brösuglega. Þá virðist mega álykta að betur hafi gengið þegar skólar eru sameinaðir með þeim hætti að hinn nýi skóli er

heildstæður, t.d. þegar tveir grunnskólar eru sameinaðir þannig að yngstu börnunum er kennt í einu skólahúsi en þeim eldri í öðru.⁸

Sameiningar leik- og grunnskóla eða leik-, grunn- og tónlistarskóla hafa einnig gengið misjafnlega. Nefna má dæmi um bæði vel heppnaðar sameiningar og aðrar sem illa hafa gengið. Um hvort tveggja þekkir ráðgjafi mörg dæmi. Hér hafa aðstæður ráðið – en ekki síður viðhorf. Þá skiptir oft máli að þess sé gætt að bæði skólastigin haldi stöðu sinni og virðingu í kjölfar sameiningar. Reynslan sýnir til dæmis að oft hallar á leikskólana í kjölfar sameiningar. Þeir verða undir, ef svo má að orði komast.⁹ Ólíkir kjarasamningar leik- og grunnskólakennara skapa líka oft vandkvæði.

Á Stöðvarfirði voru leikskóli og grunnskóli sameinaðir í húsakynnum grunnskólans. Þessi sameining hefur tekist vel að dómi allra sem við var rætt og hefur eins og fram hefur komið þegar leitt til hagræðingar. Þá hafa verið uppi áform um sameiningu leik- og grunnskóla í Skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði þar sem leikskóli og grunnskóli eru í sömu húsakynnum. Horft hefur verið til margvíslegra sóknarfæra sem sameining leik- og grunnskóla getur skapað ef vel tekst til (sjá Töflu 1). Þá hafa augu beinst að því hvort eðlilegt sé að í þessari byggingu, þar sem 140 nemendur stunda nám séu tveir skólastjórar og tveir aðstoðarskólastjórar, auk skólastjóra tónlistarskóla.¹⁰ Þetta kemur utanaðkomandi eðlilega spáskt fyrir sjónir. Andstaða við sameiningu er engu að síður eindregin, einkum hefur leikskólafólkið verið andsnúið henni, meðal annars vegna ótta um að það myndi bitna á leikskólastiginu og minnka þjónustustigið þar.

Eins og sjá má af yfirlitinu á Töflu 1 má tilgreina mörg fagleg sjónarmið sem rök fyrir því að sameining leik- og grunnskóla kunni að vera góður kostur þegar skólarnir eru í sömu húsakynnum eða í allra næsta nágrenni hvor við annan. Því er mælt með því **að þessi kostur verði áfram til skoðunar í samstarfi við starfsfólk skólanna**. Til að reyna að tryggja að bæði skólastigin haldi stöðu sinni eftir sameiningu má nefna að vel kemur til greina að í hinum nýja skóla verði tveir skólastjórar, annar leikskólakennaramenntaður og hinn með grunnskólakennaramenntun og að þeir stýri skólanum saman. Þetta stjórnunarmynstur hefur lítið verið reynt hér á landi, en gæti skapað grundvöll fyrir því jafnræði sem þarf að vera þegar ólíkir skólar eru sameinaðir. Er þá lítið á stjórnun hins sameinaða skóla sem teymisvinnu. Annar kostur er að tryggja að skólastjóri og aðstoðarskólastjóri búi saman yfir fullnægjandi reynslu af leik- og grunnskólastarfi, auk menntunar til kennslu á báðum stigum.

⁸ Þessi umræða byggir hvort tveggja á rannsóknnum sem höfundur þessarar greinargerðar þekkir, sem og reynslu, en hann hefur komið að sameiningu skóla í fjölmörgum sveitarfélögum á undanförunum árum. Í þessu sambandi má einnig sérstaklega vísa til skýrslunnar *Úttekt á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sameiningarferli skóla* (Reykjavík: Intellecta, 2014), en marga mikilvæga lærdóma má draga að þeirri skýrslu, m.a. um mikilvægi samstöðu um þau verkefni sem ráðast á í og um vandaðan undirbúning og umræðu.

⁹ Þessara viðhorf hefur oft orðið vart í sveitarfélögum þar sem höfundur greinargerðar hefur verið að fást við hliðstæð viðfangsefni.

¹⁰ Því verður að halda til haga að þessir stjórnendur eru ekki allir í 100% stjórnunarstöðum. Þannig er t.d. aðstoðarskólastjórinn í leikskólanum með sex tíma á viku í stjórnun.

Tafla 1 Nokkrir hugsanlegir kostir og gallar við að sameina leikskóla og grunnskóla¹¹

Kostir	Gallar
Auðveldara er að samnýta skólahúsnæði, starfsfólk, sérfræðinþekkingu, tækjabúnað og aðstöðu	Leikskólastigið veikist (minni stjórnun, starf hins sameinaða skóla verður oftár á forsendum grunnskólans)
Samstarf skólastiganna getur orðið markvissara	Samstarf við foreldra leikskólabarnanna getur veikst (m.a. vegna þess að svigrúm stjórnanda leikskólans til að taka þátt í daglegum störfum minnkar)
Möguleikar á meiri samfella í námi	
Faglegt samstarf skólastiganna getur alið af sér nýjar lausnir (unnt er að nýta það besta hvorri starfsmenningu) ¹²	
Auknir möguleikar skapast á jafningjakennslu milli leikskólabarna og grunnskólanemenda	
Sameining gæti eftt gagnkvæma virðingu milli skólastiganna (en á þessu virðist nú brotalöm)	
Fjárhagslegur ávinningur ¹³	
Sérstakur ávinningur ¹⁴	

Það er einnig skoðun ráðgjafa að vel komi til greina að sameina leik- og grunnskóla á Eskifirði, einkum ef starfsmenn sjá þau sóknarfæri sem sameining getur skapað (sjá Töflu 1). Í öllum tilvikum er mælt með auknu, formlegu samstarfi milli skólastiganna (sjá einnig síðar).

Varðandi hinar stærri sameiningarhugmyndir skal tekið skýrt fram að ekki er mælt með sameiningu skóla með þeim hætti að einn skólastjóri sé settur yfir daglegan rekstur í nokkrum hliðstæðum skólum þar sem langt er á milli. Áréttað er að slík tilhögun hefur ekki gefið góða raun hér á landi. Á hinn bóginn telur ráðgjafi rétt að vekja athygli á annarri gerð af sameiningu skóla sem byggir á sömu hugmyndum og þeim sem settar voru fram hér að ofan í tengslum við stjórnun Skólamiðstöðvarinnar á Fáskrúðsfirði og kenna má við teymisstjórnun.

Mat ráðgjafa er að eftirsóknarvert sé að kanna í þaula hvort heppilegt sé eða gerlegt að skólarnir í byggðinni verði í framtíðinni ein heildstæð rekstrareining (LGTF). Þetta kenndu nokkrir viðmælendur við Skólamiðstöð Fjarðabyggðar. Fyrirkomulag yrði engu að síður með þeim hætti að hver starfseining yrði stjórnunarlega sjálfstæð, þ.e. að yfir hverri starfsstöð væri settur stjórnandi með fulla ábyrgð á daglegum rekstri (skólastjóri). Hugmyndin byggir á því að skólastjórnarnir í sveitarfélaginu myndi stjórnunar- og samstarfsteymi sem ber sameiginlega ábyrgð á heildarrekstri skólans. Starfsmenn verði í framtíðinni ráðnir að LGTF, en ekki að eintökum starfsstöðvum, enda gefur það kost á meiri

¹¹ Miðað er við sameiningu þegar svo háttar að skólarnir eru í nábýli.

¹² Hér má nefna að mjög hefur verið horft til byrjendakennslu í norskum grunnskólum þar sem grunn- og leikskólakennarar vinna gjarnan saman.

¹³ Í skýrslu vinnuhóps um skipan fræðslumála í Fjarðabyggð kemur fram að ætla megi að fjárhagslegur ávinningur verði um þrjár milljónir á ári.

¹⁴ Sem dæmi má nefna að bæði á Eskifirði og Reyðarfirði starfar fólk með leikskólakennaramenntun í grunnskólunum sem unnt kann að vera að nýta í sameinuðum skóla, eða skóla þar sem formlegt samstarf er um kennslu á mörkum skólastiganna.

sveigjanleika en nú er varðandi stjórnun, starfsfólk, ýmsa þjónustu, sérkennslu, námsráðgjöf, endurmenntun og starfsþróunarmál, húsnæði, aðdrætti og búnað. Sé litið til lengri tíma gæti þessi ráðstöfun hvort tveggja eftir skólastarfið og skilað umtalsverðri hagræðingu.

Vel má hugsa sér þessa vegferð með því að stofna fyrst þrjá skóla eða skólasamlög; leik-, grunn- og tónlistarskóla – eða að LGTF starfi í framtíðinni í þremur deildum.

Yrði þessi leið farin **er mælt með því að þessi ráðstöfun verði gerð í skrefum eða áföngum** (t.d. þremur til fimm árum, eða jafnvel lengri tíma), gjarnan tengt starfslokum stjórnenda. Tillaga um að gera þetta varlega byggist á því að góðu skólastarfi sé sem minnst raskað og til þess að ekki skapist mikill tilkostnaður vegna biðlauna. Í þessu sambandi er bent á að starf aðstoðarskólastjóra er ekki lengur lögbundið heldur gert ráð fyrir því að skólastjóri geri tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla (sbr. 7. grein Laga um grunnskóla nr. 91/2008). Vakin er athygli á þeirri hugmynd **að leggja störf aðstoðarskólastjóra niður í áföngum og ráða í stað þeirra verkefnisstjóra til skamms tíma (t.d. til eins eða tveggja ára í senn) eftir mati á þörfum á hverjum tíma**. Slíkt fyrirkomulag skapar sveigjanleika, t.d. gagnvart þeim breytingum sem verða kunna á nemendafjöla í skólunum, auk þess að gera sveitarfélaginu kleift að bregðast hraðar við staðbundnum þörfum eða aðstæðum sem kunna að skapast.

Þyki þessi skólasamlagshugmynd áhugaverð er áriðandi að ganga sem fyrst úr skugga um hvort hún er framkvæmanleg, t.d. lagalega, eða fær með hliðsjón af kjarasamningum.¹⁵

Sameining unglíngadeilda og samstarf um kennslu valgreina

Meðal þeirra hugmynda sem hvað helst hafa verið uppi um sameiningu er hugsanlegur samrekstur um kennslu á unglíngastigi og hefur þá einkum verið litið til þess að kenna unglíngum á Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði saman, t.d. á Reyðarfirði eða Fáskrúðsfirði.¹⁶ Einkum hefur verið horft til þess að hafa nemendur í 9. og 10. bekk saman, enda væri fullnægjandi húsnæði til þess. Þessi skipan gæti leitt til umtalsverðrar hagræðingar.¹⁷ Þessar hugmyndir hafa átt undir högg að sækja, meðal annars vegna neikværa viðhorfa til skólaaksturs, auk þess sem bent hefur verið á að þessi tilhögun kunni að bitna á samfellu í námi, einkum þeirra sem færu úr sínum heimaskóla á unglíngastigi.

Aðrir kostir hafa verið til skoðunar, m.a. að tveir og tveir skólar sameinist um að kenna nemendum á unglíngastigi. Benda má á að þegar ný jarðgöng opnast milli Eskifjarðar og Norðfjarðar fjölgar þessum kostum. Greining fræðslustjóra leiðir þó í ljós að lítil fjárhagsleg hagræðing verði af slíkri skipan og að í raun náist meiri hagkvæmni með nýju úthlutunarreglunum.

Áriðandi er að brjóta þetta til mergjar. Á Töflu 2 er yfirlit um hugsanlega kosti þess og galla að sameina unglíngadeildir sem nota má við þessa greiningu.

¹⁵ Athugun á þessu er þegar hafin.

¹⁶ Sjá um þetta einkum *Minnisblað fræðslustjóra um kosti og ókosti við samrekstur unglíngastigs grunnskólanna á Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði*, 24. nóvember 2014.

¹⁷ Sjá *Minnisblað fræðslustjóra um kosti og ókosti við samrekstur unglíngastigs grunnskólanna á Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði*, 24. nóvember 2014.

Tafla 2 Kostir og gallar við að sameina unglingsdeildir

Kostir	Gallar
Hægt er að bjóða fjölbreyttari valgreinar	Skólaakstur (kostnaður, biðtími) ¹⁸
Ekki þarf að grípa til samkennslu aldurshópa ¹⁹	Erfiðleikar tengdir félagsstarfi og tónlistarnámi
Hæfni bestu kennara í hverri grein nýtist fleiri nemendum	Kann að minnka samfellu í námi fyrir hluta nemendahópsins.
Skilyrði skapast fyrir öflugra samstarfi kennara (teymiskennsla)	
Félagsleg þýðing (samskipti, gagnkvæm kynni, íþróttir, viðburðir, aukin samstaða)	
Betri nýting húsnæðis. Einnig verður unnt að nýta húsnæðið í skólunum þar sem nemendum var áður kennt	
Fjárhagsleg hagræðing	

Til viðbótar ofangreindum kostum má nefna þá sem skemmra ganga, t.d. **að tveir eða fleiri skólar sameinist um kennslu valgreina á unglingsstiginu**. Þannig mætti hugsa sér, svo tekið sé dæmi, sérstaka valgreinadaga, t.d. á Reyðarfirði, sem einnig stæðu til boða nemendum á Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Að sama skapi mætti koma slíkri skipan á milli tveggja skóla. Kostir þessa eru fjölbreyttara úrval valgreina, betri nýting aðstöðu og fagþekkingar kennara, einhver hagræðing, auk þess sem þetta fyrirkomulag er líklegt til að efla samstarf kennara, auka kynni milli nemenda innbyrðis og milli kennara og nemenda milli bæja. Ókosturinn er fólgin í skólaakstri, en í ljósi neikvæðra viðhorfa til hans í samfélaginu, má halda því fram að heppilegt sé að fólk kynnist honum sem eðlilegri leið sem getur þurft að nýta til að bæta skólastarf eða bregðast við knýjandi aðstæðum. Akstur nemenda, að ekki sé minnst á unglings, milli tveggja nærliggjandi bæja, ætti ekki að vera tiltökumál, þegar mikið er í húfi.

Þetta fyrirkomulag mætti prófa í tilraunaskyni í eitt skólaár, eða jafnvel á skemmri tíma.

Sóknarfæri tengd auknu samstarfi leik- og grunnskóla

Eins og fram kemur hér að framan hafa leikskóli og grunnskóli á Stöðvarfirði verið sameinaðir með góðum árangri. Almennt er gott samstarf talið milli leik- og grunnskólanna í sveitarfélaginu, þó það sé ekki án undantekninga. Á Eskifirði og Reyðarfirði hafa verið mikil þrengsli á leikskólunum og hefur það verið leyst á báðum stöðum með því að finna húsnæði í grunnskólunum. Á Eskifirði reyndist þetta tiltölulega auðvelt hvað húsnæði varðar, en meiri þrengsli hafa verið í Grunnskólanum á Reyðarfirði og því er sú aðstaða, sem leikskólabörnunum er búin þar, ekki eins ákjósanleg. Í báðum tilvikum eru þessar leikskóladeildir í grunnskólunum reknar á forsendum leikskólans. Á Eskifirði er ánægja með þessa tilhögun og áform rædd um að efla samstarfið milli skólastiganna sem telja má afar eftirsóknarvert. Á Reyðarfirði er verið að leita viðunandi lausna til að búa sem best að leikskólabörnunum.

¹⁸ Benda má á að það orkar tvímælis að setja skólaakstur sem galla við sameiningu unglingsdeilda. Hann er settur hér í ljósi þeirra neikvæðu viðhorfa sem til hans ríkja í Fjarðabyggð.

¹⁹ Rétt er að halda því til haga að margir telja samkennslu hafa marga góða kosti. Nokkrir fjölmennir skólar hér á landi byggja á samkennslu og má þar nefna Ingunnarskóla og Norðlingaskóla í Reykjavík og Sjálandsskóla í Garðabæ.

Færa má fyrir því fagleg rök að sóknarfæri liggja í að gera þetta starf á mörkum skólastiganna að markvissara samstarfsverkefni. Þessi hugmynd byggist á því að teymi leik- og grunnskólakennara vinni saman með aldursblandaða hópa fimm til sex ára barna, eða jafnvel með víðari hóp, með sveigjanlegum hætti. Um leið og þetta er áhugaverður kostur faglega býður þetta upp á sveigjanleika varðandi notkun skólahúsnæðs og kann að tefja að byggja þurfi við leikskólana, sem er vitaskuld fjárhagslega eftirsóknarvert. Vel má hugsa sér þetta sem formlegt þróunarverkefni í einum eða fleiri skólum – jafnvel öllum leik- og grunnskólum í sveitarfélaginu. Þetta mætti tengja ráðningu leikskólafulltrúa, sem brýnt er að ráða, og gæti leitt þetta verkefni. Er þá miðað við það að einnig yrði leitað til opinberra sjóða til að styrkja verkefnið (Sprotasjóðs). Líklegt má telja að kennarar og aðrir rannsakendur við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri hefðu áhuga á að koma að slíku verkefni, bæði að ráðgjöf um framkvæmd eða mati á því hvernig til tekst. Vart þarf að taka fram að verkefni sem þetta er vel hugsanlegt þó ekki komi til sameiningar leik- og grunnskóla – þetta getur eins verið samstarfsverkefni leik- og grunnskóla á jafnréttisgrundvelli. Því skal einnig haldið til haga að á fundum með stjórnendum og starfsfólki leikskólanna og grunnskólanna á Eskifirði, kom fram áhugi á að þróa þessa hugmynd, þó ekki væru allir á einu máli um útfærslu.

Úrlausnir sem varða nemendur á Stöðvarfirði

Eins og sjá má af yfirlitinu yfir þær hugmyndir sem ræddar voru um leiðir til hagræðingar tengdust nokkrar þeirra Stöðvarfirði sérstaklega. Kostnaður við skólahald á Stöðvarfirði óx mörgum viðmælendum í augum. Engu að síður voru íbúar mjög reiðir vegna þeirra hugmynda eða áforma sem uppi höfðu verið að aka nemendum í 5.–10. bekk á Stöðvarfirði yfir á Fáskrúðsfjörð. Foreldrar lögðu margir mikla áherslu á að þeir gætu ekki hugsað sér að missa skólann og að börnunum væri ekið daglega um hættulegan veg. Þrátt fyrir þessa miklu andstöðu eru enn uppi í umræðunni hugmyndir sem ganga í þessa átt. Ein er um að sameina skólana undir eina stjórn (skólastjóra), önnur að kenna unglingunum saman og sú þriðja að gera Stöðvarfjörð að útibúi frá Fáskrúðsfirði, líkt og Mjóafjarðarskólinn er útibú frá Norðfirði. Róttækust er hugmynd um að leggja skólahald niður á Stöðvarfirði.

Þegar þessir kostir eru metnir verður að horfa til þess að það hefur ekki gefið nægilega góða raun í skólum hér á landi að setja stjórnanda yfir tvo eða fleiri skóla þar sem langt er á milli. Ef nemendum á Stöðvarfirði fækkar enn hlýtur engu að síður að verða að líta til þess hvort skynsamlegt sé að hann tengist öðrum skóla stjórnunarlega.

Áfram mun reynast örðugt að sætta foreldra við daglegan skólaakstur um Suðurfjarðarveg. Andstaða við þá lausn var mjög eindregin og erfitt að sjá að þau viðhorf muni breytast nema til komi verulegar vegabætur.

Að mati höfundar þessarar greinargerðar er hugmyndin um aukið samstarf við Breiðdalsvík um skólastarf áhugaverðasta leiðin til að koma til móts við þær aðstæður sem skapast hafa á Stöðvarfirði og því áriðandi að kanna til hlítar hvort grundvöllur er til samstarfs. Ljóst er að vel er hægt að kenna öllum grunnskólanemendum á öðrum hvorum staðnum. Góður vegur er á milli bæjanna og hættuminni en Suðurfjarðavegurinn. Á báðum stöðum eru kjöraðstæður til skólahalds hvað umhverfi, kennslu, aðstöðu og búnað varðar. Væri áhugi á þessari leið væri eðlilegt að lagt yrði faglegt mat á það hvor staðurinn væri heppilegri. Eins má hugsa sér samskipan þar sem báðar starfsstöðvar yrðu áfram notaðar,

t.d. að yngstu grunnskólabörnunum yrði kennt á báðum stöðum, en þeim eldri á öðrum þeirra, eða skólastaðirnir notaðir til skiptis með öðrum hætti. Í þessu sambandi má reifa hugmynd um að sveitarfélögin efni til skólasamlags um samrekstur skólanna tveggja, t.d. í tilraunaskyni til þriggja ára.

Verði ekki af þessu er lagt til **að unglingum á Stöðvarfirði verði gefinn aukinn kostur á að sækja valgreinar á Fáskrúðsfirði**. Þetta hefur þegar verið reynt og þó það hafi ekki verið í miklum mæli (tveir nemendur hafa farið einu sinni í viku með kennara sínum yfir á Fáskrúðsfjörð til að fást við vélfræði og rafmagnsfræði og hefur það gefið góða raun). Þessi tillaga er vitaskuld gerð í trausti þess að öryggis nemenda sé gætt til hins ítrasta og aldrei teflt í tvísýnu varðandi skólaakstur. Eins má nefna möguleika á að nýta fjarkennslu til að koma til móts við óskir nemenda um fjölbreyttara val.

Hagræðing í tónlistarskólunum

Hugmyndir um hagræðingu í tónlistarskólunum voru einkum tengdar fækkun stjórnenda. Áætlanir bentu til þess að hagræði af þeirri ráðstöfun væri lítið.²⁰ Einnig var aukin samkennsla nefnd.

Rekstur tónlistarskóla getur vitaskuld verið með ýmsum hætti. Ráðgjafi fær ekki séð að það form sem nú er á rekstrinum (þrjár sjálfstæðir tónlistarskólar) hafi einhverja sérstaka yfirburði fram yfir aðra tilhögun, nema að benda má á að núverandi skipan hefur gefist vel og ánægja með hana, og því ekki ástæða til að raska henni. Rök fyrir því að hafa einn tónlistarskóla eru einkum þau að auka líkur á því að öllum nemendum í sveitarfélaginu standi til boða sambærileg tónlistarkennsla og einnig að nýta þekkingu kennaranna sem best í þágu allra barnanna í sveitarfélaginu eftir því sem aðstæður leyfa. **Ráðgjafi leggur því til að breytingar á rekstri tónlistarskólanna verði gerðar í tengslum við eðlileg starfslok stjórnenda.**

Samkennsla í tónlistarnámi hefur ekki fest rætur hér á landi, enda þótt margt bendi til þess að hún geti í ýmsum tilvikum skilað árangri, ekki síður en einkakennsla.^{21 22} **Því er lagt til að kannað verði hvort unnt sé að auka samkennslu í tónlistarskólunum.** Vekja má athygli á því að samkennsla og hópkenntu er nú 15% af kennslunni í skólunum. Áætlað er að ef hún yrði aukin í 30% skilaði það hagræðingu upp á 10 milljónir. Benda má á þann möguleika að nýta hluta af þessari hagræðingu til **að gera samkennslu að sérstöku rannsóknar- eða þróunarverkefni** í samstarfi við tónlistarskólastjórana. Skyld er að halda því til haga að í viðræðum við tónlistarskólastjórana komu fram miklar efasemdir um gildi samkennslu og því

²⁰ Fræðslustjóri bendir á að á meðan viðbótarstjórnunartímar eru ekki nýttir í tónlistarskólunum (ca. 80% stöðugildi), þá sé kostnaður sá sami hvort sem þrjár eða einn skólustjóri stýrir tónlistarlífinu. Faglegur ávinningur með núverandi fyrirkomulagi hafi fyrst og fremst verið fólgin í því að skólustjórnarnir hafa verið faglegir leiðtogar í tónlist í byggðarkjörnum.

²¹ Sjá t.d. hér: <http://www.rolandmusic.com/spotlight/article.php?ArticleId=1037>

²² Anne Bamford, prófessor við University of the Arts London, gerði fyrir nokkrum árum yfirgripsmikla rannsókn á list- og menningarfræðslu á Íslandi. Í skýrslu hennar má m.a. lesa þetta um viðhorf tónlistarskólustjóra til einkakennslu og samkennslu og mat hennar á þeim viðhorfum: *Eins og mynd 1.12.3 sýnir telja 98% tónlistarskólustjóra að einkakennsla sé mjög æskileg eða frekar æskileg. 35% þeirra telja hópkenntu mjög óæskilega eða frekar óæskilega. Þessar tölur sýna mjög mikla áherslu á einkakennslu í hljóðfæraleik og söng í íslenskum tónlistarskólum. Rökin fyrir þessu eru ekki vel útlustuð og virðast í andstöðu við reynsluna, t.d. frá Bretlandi, þar sem sýnt hefur verið fram á að hópkenntu 8–12 ára barna skili jafn góðum eða betri árangri og einkakennsla. Þetta þarf að rannsaka á Íslandi. Hópkenntu getur dregið úr kennslukostnaði og getur því verið æskileg, svo fremi sem gæði kennslunnar minnka ekki (bls. 50). Sjá annars í skýrslunni á þessari slóð:*

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/B3D4D11F862A4DE70025787E0053C635/Attachment/list-%20og%20mennfr_2011.pdf

ekki víst hvort hér er um raunhæfa tillögu að ræða – það ræðst af áhuga þeirra. Viðhorf ráða miklu um það hvernig farnast um skólabreytingar.

Loks skal bent á að á Norðfirði kaupir leikskólinn í vetur tíma af Tónskóla Neskaupstaðar líkt og Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar gerir. Mikilvægt er að meta kosti og galla þessa samstarfs og ef vel hefur tekist til að innleiða það annars staðar. Afar æskilegt er að öll leikskólabörnin í sveitarfélaginu sitji við sama borð í þessum efnum.

Aðrir hagræðingarkostir

Eins og sjá má af yfirlitinu yfir hagræðingarkosti beindust þeir flestir að sameiningu skóla eða tiltekinnar starfseininga. Hér verður næst vikið að öðrum kostum. Nokkrir þeirra hafa raunar þegar verið ræddir, m.a. hugmyndir um að leggja niður Stöðvarfjarðarskóla og hagræða í stjórnun.

Sumar hugmyndanna eru þess eðlis að varla verður lagt á þær faglegt mat, heldur eru þær fremur spurning um pólitíska afstöðu og ákvarðanir. Hér má nefna aukna kostnaðarþátttöku nemenda vegna tónlistarnáms, skerðingu eða afnám lengdrar viðveru grunnskólabarna eða skerðingu á þjónustu leikskólanna. Þær verða því ekki ræddar frekar.

Og með fullri virðingu fyrir Hjallastefnunni er það líklega óraunhæfur kostur að ætla að yfirtaka hennar á öllum skólunum í sveitarfélaginu leysi þann vanda sem upp er. Í öllum tilvikum myndi sá sem þetta ritar mæla með því að slíkar ráðstafanir yrðu í skrefum.

Loks eru hugmyndir sem vart er hægt að leggja á faglegt mat (hér er að sjálfsögðu átt við kennslu-fræðilegt mat) – dæmi um það eru hugmyndir um breytingar á húsvörslu. Þar er væntanlega einvörðungu um rekstrarlegt mat að ræða og því ekki á verksviði þess sem þetta ritar.

Enn má nefna að hugmyndir um aukna samkenndu **hafa í raun þegar náð fram að ganga** (með samþykkt nýrra úthlutunarreglna um kennslumagn), en vert er að vekja athygli á því að mikil umræða fer nú fram víða í skólum um gildi þess að auka teymiskennslu. Um þetta getur höfundur lagt fram ítarleg gögn, sé þess óskað. Markviss teymiskennsla virðist tengjast aukinni fjölbreytni hvað kennsluhætti og námsmat varðar og skapar að auki ýmsan sveigjanleika sem getur leitt til hagræðingar.

Nokkrir viðmælenda bentu á að ákjósanlegt gæti verið að rjúfa samstarf við Skólaskrifstofu Austurlands og bjóða þessa þjónustu á vettvangi sveitarfélagsins, meðal annars til að ná fram betri samþættingu þjónustunnar (félagsþjónustu, námsráðgjöf, kennsluráðgjöf og sérfræðiþjónustu), auk þess af þessu gæti hugsanlega orðið einhver hagræðing.

Benda verður á að skólaþjónusta á vegum sveitarfélagsins gæti orðið veikari þjónusta en Skólaskrifstofa Austurlands veitir nú.²³ Öflug skólaskrifstofa, með breiðari hóp starfsmanna, hlýtur oftast en veik, að eiga nauðsynlegar bjargir sem nýta þarf í stöðugt flóknara skólastarfi. Einnig má nefna möguleika á framboði á endurmenntun. Þar stendur skólaskrifstofa sem þjónar mörgum skólum alltaf betur að vígi en þar sem færri eru. Löng reynsla höfundar þessarar greinargerðar af samvinnu og ráðgjöf við skóla og sveitarfélög

²³ Ágætt yfirlit um verkefni Skólaskrifstofu Austurlands er að finna í svörum hennar við athugasemdum vinnuhóps á vegum bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs um endurskipulagningu þjónustunnar, sjá á þessari slóð:

<http://skolaust.is/images/stories/stjornarfundir/starfsemi%20ska%20-%20apr%C3%ADl%202012-2%20-%20copy.pdf>

víða um land, bendir til þess að fáskipuð og veik skólaþjónusta geti verið nánast hættuleg skólastarfi. Einnig er rétt að halda til haga þeirri ábendingu sem fram kom í viðræðum við nokkra aðila um að vænlegri leið væri að efna til samstarfs við önnur sveitarfélög á Austurlandi um samþættingu félags- og skólaþjónustu fyrir svæðið allt.

Þrátt fyrir ofangreind sjónarmið er nýlegt dæmi um að sveitarfélag hafi sagt skilið við skólaskrifstofu og er hér vísað til þess þegar sveitarfélagið Árborg dró sig út úr Skólaskrifstofu Suðurlands. Haft var samband við nokkra lykilaðila í Árborg og var það mat viðmælenda að þessi aðskilnaður hefði um margt styrkt faglegt starf í skólunum í Árborg. Það hefði haft þýðingu að endurmeta þjónustuna og „hugsa hana upp á nýtt“. Endurmenntunarframboð hefði þó vissulega veikt og vitaskuld einnig skólaþjónustan í hinum sveitarfélögunum, að minnsta kosti um skeið!

Um þessar mundir er unnið að endurskoðun fjölskyldustefnu í Fjarðabyggð og þess að vænta að þessi mál verði til skoðunar í því samhengi.

Hugmyndir um **að nýta fjarkennslu með markvissum hætti milli grunnskólanna eru allrar athygli verðar.** Hröð tækniþróun skapar ýmsa möguleika sem kunna að nýtast fleirum en nemendum í fámennum skólum. Á hinn bóginn er óraunhæft að ætla að til séu einhverjar töfralausnir í átt að aukinni hagræðingu eða bættum námsárangri með því að allir skólar í sveitarfélaginu innleiði vendikennslu eins og hugmyndir voru um. Vendikennsla er mjög áhugaverð nálgun, en verður ekki notuð ein og sér. Þá krefðist innleiðing svo róttækra aðferða öflugs stuðnings við kennara (endurmenntun, ráðgjöf) auk öflugs tölvubúnaðar svo vandséð er hvernig það getur skilað hagræðingu. En vitaskuld geta einstakir skólar, kennarar eða kennarahópar í Fjarðabyggð sem áhuga hafa, innleitt vendikennslu að einhverju marki telji þeir það vænlegt til árangurs.

Á Norðfirði ræddu margir kennarar áhyggjur sínar af nemendum með mikinn samskiptavanda. Þeir bentu á að ef tækist að leysa vanda þeirra gæti það einnig leitt til hagræðingar, m.a. vegna þess að þá væri hægt að hafa aðra námshópa stærri. Vísað var til þess að haustið 2007 var sett á fót úrræði sem kennt var við Mýrinna og rekið var með styrk hjá samfélagssjóði Alcoa. Mat kennara og stjórnenda grunnskólans var að þetta hefði gefist vel, auk þess að með því hefði fengist dýrmæt reynsla sem byggja mætti á. Þetta starf stóð í þrjú ár en var hætt þegar nemendurnir útskrifuðust. Hugmyndir voru uppi um að nýta Mýrina fyrir nemendur í öðrum bæjum en daglegur akstur um Oddskarð var þar hindrun. Eðlilegt er **að leggja til að þessi kostur verður aftur tekinn til skoðunar.** Bættar samgöngur með nýjum Norðfjarðargöngum opna ýmsa möguleika. Benda má á að þegar leikskólinn á Norðfirði flytur í ný húsakynni losnar skólahúsið að Kirkjumel sem gæti verið heppilegur staður fyrir skammtímaúrræði af því tagi sem hér er um rætt.²⁴ Einnig er minnt á hugmyndir um að nýta aðstæður á Stöðvarfirði til að koma til móts við nemendur með alvarlegan samskiptavanda.

²⁴ Auk þeirrar reynslu sem fékkst af reksri Mýrarinnar má benda á Hlíðarskóla á Akureyri, en þar hefur náðst mikill árangur í starfi með nemendum sem af einhverjum ástæðum aðlagast ekki starfi í heimaskóla sínum. Sjá um þetta starf: Bryndís Valgarðsdóttir, Reynir Hjartarson og Ingvar Sigurgeirsson. (2012). Að taka flugið: Þróunarstarf í Hlíðarskóla á Akureyri. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands* [Grein birt 21. maí]. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/005.pdf>

Loks er rétt að halda hér til haga þeirri áhugaverðu hugmynd **að komið verði á fót skólabúðum á Stöðvarfirði**. Aðstæður þar eru um margt sérlega góðar. Nefna má skólahúsnæðið, vel menntaða kennara, íþróttamannvirki, öflugt listalíf, Steinasafn Petru Sveinsdóttur, auk ótal útinámsmöguleika, m.a. möguleika á handfæraveiðum. Á Stöðvarfirði hefur verið komið á fót svokallaðri Sköpunarmiðstöð, þar sem sköpun og sjálfbærni eru í brennidepli, en hvort tveggja eru miðlæg hugtök í nýrri Aðalnámskrá. Þessi miðstöð ein og sér skapar óþrjótandi möguleika.²⁵ Einu sjáanlegu meinbugirnir liggja í slæmum vegi.

Óræddar eru eftirfarandi hugmyndir sem sjálfsagt er að skoða ef áhugi er á.

- Meira verði gert af því að samnýta kennara milli staða.
- Fyrirkomulagi í mötuneytum verði breytt með þeim hætti að börnin skammti sér sjálf. Nefnd voru dæmi um að slíkar ráðstafanir hefðu skilað hagræðingu.
- Athugað verði hvort unnt er að ná hagræðingu með auknum sameiginlegum innkaupum skólanna.
- Samlegð í rekstri skóla- og íþróttamannvirkja, t.d. með samnýtingu starfsfólks.
- Skólahúsnæði verði leigt úr.
- Farið verði í saumana á tölvu- og netþjónustumálum skólanna.
- Gögn verði nýtt betur á milli skóla, meðal annars með því að útbúa námskistur sem lánaðar verði á milli skóla.
- Hætt verði að kaupa Mentor,²⁶ en taka í stað þess upp kerfið Námfús.^{27 28}
- Þrautkannað verði hvort unnt sé að spara ljósritunarkostnað.
- Spjaldtölvuvæða skólana
- Reynt verði að fá fyrirtæki til að leggja meira af mörkum til skólanna.
- Formlegri þátttöku í Olweusarverkefninu verði hætt.²⁹
- Bakvarðarkerfið verði lagt af.
- Framhaldsdeild verði komið á fót í Skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði.

²⁵ Þessa hugmynd má öðrum fremur eigna Guðmanni Þorvaldssyni, kennara á Eskifirði.

²⁶ Sjá: <http://www.mentor.is/>

²⁷ Sjá: <https://www.namfus.is/>

²⁸ Margir skólar hafa að undanförunu verið að færa viðskipti sín frá Mentor yfir til Námfúsa, og er hvort tveggja nefnt, betri þjónusta og lægra verð (munur er um ein milljón á ári miðað við alla skólana). Mat fræðslustjóra Fjarðarbyggðar er að ekki sé ráðlegt að fara yfir í slíkar breytingar þar sem búið sé að vinna mikið með Mentor og fyrirtækið meðal annars fengið til að annast rafræna skráningu námsmats. Um þetta var haft samráð við skólastjórana í Fjarðarbyggð.

²⁹ Olweusarverkefnið kostar sveitarfélagið rúmar kr. 200 þús á ári.

Lokaorð

Með því að leggja fram þessa greinargerð telur höfundur að hann hafi lokið því verkefni sem hann tók að sér fyrir Fjarðabyggð með samningi þeim sem gerður var 3. janúar sl. Um meginniðurstöður er vísað til þeirrar samantektar sem finna má fremst í greinargerðinni (bls. 3–4). Þar er leitast við að taka saman þær leiðir sem höfundur telur hægt að fara í átt til hagræðingar án þess að það komi niður á gæðum skólastarfsins. Sumar þeirra geta eflt starfið. Áréttað er hversu mikil varðar að gefa umræðum um skólabreytingar góðan tíma, rökstyðja þær vel og að reyna að ná sem mestri samstöðu um þær. Það verður með engu móti fram hjá því horft að viðhorf ráða miklu um það hvernig til tekst.

Þetta hefur verið áhugavert, en krefjandi verkefni. Mörgum ber að þakka liðveislu og samstarf, en of langt mál yrði að telja þá alla upp; nemendur, foreldra, íbúa, stjórnendur, kennara og annað starfsfólk skólanna í Fjarðabyggð, sérfræðinga á vegum KPMG, og síðast en ekki síst sveitarstjórnarfólkið, bæjarstjóra og fræðslustjóra. Þess er vænst að þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram nýtist við að taka ákvarðanir sem leiða til þess að gera gott skólastarf enn betra.

Höfundur leyfir sér í lokin að vekja enn athygli á ábendingum í greinargerðinni um mikilvægi þess að efla faglegt starf á leikskólunum með ráðningu fleira fagmenntaðs starfsfólks, með því að efla samstarf skólanna og gefa starfsmönnum kost á ráðgjöf í samræmi við ákvæði laga.

Þá er býnt að leita leiða til að eyða þeirri tortryggni sem virðist í nokkrum tilvikum ríkja milli leikskóla og grunnskóla í sveitarfélaginu. Miklu varðar að byggt sé á gagnkvæmri virðingu.